

LÖG

um

50

27. júní

breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjöllum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir fyrri málsgrein 7. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd er heimilt, þegar ástæður eru fyrir hendi, svo sem mikill kjósendafjöldi, víðátta, torfærur á leið til kjörstaðar og þvílíkt, að skifta hreppi í tvær eða þrjár kjördeildir. Skal þá hreppsnefnd ákveða kjörstaði og undirkjörstjórn skipuð fyrir hverja kjördeild. Er hreppstjóri oddviti einnar, hreppsnefndaroddviti annarar og varahreppsnefndaroddviti hinnar þriðju, ef þrjár eru, eftir ákvörðun hreppsnefndar, og auk þeirra eiga þar sæti tveir menn af öðrum kjósendum í hverri kjördeild, er hreppsnefnd kýs. Nú er hreppstjóri jafnframt hreppsnefndaroddviti, og kýs þá hreppsnefnd einnig kjörstjórnaroddvita í eina kjördeildina. Í forföllum hinna lögákveðnu kjördeildaoddvita kýs hreppsnefnd aðra í þeirra stað.

2. gr.

Í stað orðanna „bæjarstjórn skift kaupstað“ í öðrum málslíð 9. gr. laganna komi: Kaupstað eða hreppi verið skift.

3. gr.

Í stað orðanna „3 klukkustundir“ í fyrri málsgrein 38. gr. komi: 5 klukkustundir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.